

Reglur Júpíters rekstrarfélags hf. vegna sjóðsdeilda Verðbréfasjóðs Júpíters

1. gr.

Heiti sjóðsins

Heiti sjóðsins er Verðbréfasjóður Júpíters. Rekstrarfélag sjóðsins er Júpíter rekstrarfélag hf., kt. 520506-1010, Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

2. gr.

Deildaskipting sjóðsins

Verðbréfasjóður Júpíters er deildaskiptur sjóður og starfar í sjóðsdeildum sem hafa aðskilinn fjárhag og lúta fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Hver sjóðsdeild er aðgreind sérstaklega í bókhaldi og í upplýsingakerfum Júpíters rekstrarfélags hf. Hver sjóðsdeild ber ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

Júpíter rekstrarfélag hf. gefur út hlutdeildarskírteini til þeirra sem þess óska eða aðrar staðfestingar á tilkalli til hlutdeildar að viðkomandi sjóðsdeild. Allir sem eiga hlutdeild að sjóðsdeildum Verðbréfasjóðs Júpíters eiga sama rétt til tekna og eigna viðkomandi sjóðsdeildar í hlutfalli við eign sína.

Sjóðsdeildir Verðbréfasjóðs Júpíters eru nú:

- a) Ríkisskuldabréfasjóður, kennitala 591108-9990
- b) Ríkisverðbréfasjóður – stuttur, kennitala 650310-9770

3. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins

Júpíter rekstrarfélag hf. hefur afmarkað fjárfestingar Verðbréfasjóðs Júpíters og einstakra sjóðsdeilda hans. Fjárfestingarstefnur einstakra sjóðsdeilda fela í sér þær áherslur sem stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. telur rétt að leggja til grundvallar í fjárfestingum þeirra.

Fjárfestingarstefna einstakra sjóðsdeilda er eftirfarandi.

a. Ríkisskuldabréfasjóður

Ríkisskuldabréfasjóður er verðbréfasjóður og byggir starfsheimildir sínar á II. kafla laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði, og hefur sem slíkur heimild til markaðssetningar á Íslandi og í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Grunnmynt sjóðsins er ISK (Íslenskar krónur).

Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er að auka verðmæti eigenda sjóðsins með fjárfestingum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af ríkissjóði Íslands, s.s. ríkisskuldabréfum og ríkisvixlum og verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af aðilum með beina ríkisábyrgð s.s. Íbúðalánasjóði og Seðlabanka Íslands, s.s. innlánsskírteini Seðlabanka Íslands. Jafnframt hefur sjóðurinn heimild til þess að fjárfesta í innlánnum fjármálafyrirtækja. Peningamarkaðsskjöl eru þeir flokkar fjármálagerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á skammtímamarkaði (peningamarkaði), svo sem vixlar ríkis og sveitarfélaga, innlánsskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum. Líftími eða endurmatstímabil arðsemi peningamarkaðsskjala skal ávallt vera styttri en 397 dagar. Fjárfestingarstefna sjóðsins er nánar útlistuð í töflu hér að neðan.

Ríkisskuldabréfasjóður hefur heimild Fjármálaeftirlitsins skv. 38. gr. laga nr. 128/2011 til að binda allt að 100% af eignum sjóðsins í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum skv. 5. mgr.